



# JAFNRÉTTISÁÆTLUN HUGVÍSINDASVIÐS

2014–2017

## Inngangur:

Jafnréttismál eru gæðamál og staða þeirra innan Háskóla Íslands er mikilvægur mælikvarði á gæði starfsins sem fer fram í skólanum. Í kafla um grunnildi segir í stefnu Háskóla Íslands 2011–2016 um jafnrétti og fjölbreytileika:

Háskóli Íslands leggur áherslu á lýðræðisleg vinnubrögð og jafnrétti á öllum sviðum starfseminnar. Háskólinn vill ávallt vera í fararbroddi í jafnréttismálum. Fjölbreytileiki stúdenta og starfsmanna er styrkur Háskóla Íslands.

Í jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2013–2017 er unnið að því að sameina jafnréttisáætlun HÍ, stefnu HÍ í málefnum fatlaðra og stefnu skólans gegn mismunun. Áætlunin leggur áherslu á jafnrétti ólíkra hópa, þar með talið jafnrétti kvenna og karla, og miðar að því að tryggja öllum stúdentum og starfsfólki Háskóla Íslands jafnan rétt og jafna stöðu og stuðla að virkri þátttöku þeirra innan háskólasamfélagsins.

Jafnréttisáætlun Hugvísindasviðs er ætlað að árétta þá stefnu sem sett er fram í jafnréttisáætlun HÍ og heimfæra á aðstæður á Hugvísindasviði. Það er gert með hliðsjón af því hlutverki sem jafnréttisnefnd sviðsins hefur verið falið.

Verkefnum og hlutverki jafnréttisnefndar Hugvísindasviðs er lýst á eftirfarandi hátt í erindisbréfi sem forseti sviðsins setti henni 13. desember 2012:

Jafnréttisnefnd vinnur að jafnrétti í víðum skilningi og tekur í starfi sínu mið af gildandi lögum og reglum háskólans. [...] Jafnréttisnefnd er sviðsstjórn til ráðuneytis um öll málefni er lúta að jafnrétti og mismunun innan sviðs, hvort heldur er á grundvelli kynferðis, aldurs, kynhneigðar, fötlunar, þjóðernis, uppruna, trúarbragða eða annars. Nefndinni er ætlað að stuðla að jafnvægi á milli áhrifa kvenna og karla innan sviðs, jafnt meðal nemenda, kennara og annars starfsfólks, og gæta þess að rödd minnihlutahópa heyrir.

## Markmið jafnréttisáætlunar Hugvísindasviðs:

1. Að stuðla að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í öllu starfi.
2. Að hlúa að fjölbreyttum mannauði á Hugvísindasviði.
3. Að allir hafi jafnan aðgang að gögnum og gæðum háskólasamfélagsins.
4. Að taka fullt tillit til jafnréttissjónarmiða við framkvæmd stjórnsýsluverkefna.



5. Að efla umræðu og fræðslu um jafnréttismál, jafnt meðal starfsmanna sem nemenda.
6. Að hvetja til þess að kynjuð fagvitund og fjölbreytni séu höfð að leiðarljósi við uppfærslu á námsefni.

**Rökstuðningur:**

Jafnrétti er forsenda fyrir því að sjónarmið kvenna og karla, sem og fjölbreytilegur reynsluheimur og innsæi ólíkra einstaklinga og hópa endurspeglast í starfi fræðasviðsins. Hæfni og færni starfsmanna og nemenda nýtist betur ef öllum gefst færi á því að beita áhrifum sínum.

**Ábyrgð:**

Það er hlutverk forseta fræðasviðsins og deildarforseta að standa vörð um jafnrétti í samráði við jafnréttisnefnd.

**Endurskoðun:**

Á þriggja ára fresti skal endurskoða og endurmeta stöðu jafnréttismála á Hugvísindasviði og í framhaldi af því að uppfæra jafnréttisáætlun sviðsins.



## Á tímabilinu 2014–2017 verður lögð sérstök áhersla á eftirfarandi fjóra málaflokka:

### NEMENDUR

**Mat:** Einn af styrkleikum Hugvísindasviðs er fjölbreytileiki nemendahópsins.

**Markmið:** Mikilvægt er að tryggja að nemendum sé ekki mismunað, að sérhver einstaklingur fái notið réttinda sinna innan sviðsins og að andrúmsloft sé laust við fordóma.

**Aðgerðir:** Að leita eftir samstarfi við hagsmunasamtök nemenda á Hugvísindasviði um kynningu á jafnréttisáætlun sviðsins og stefnu Háskólans í jafnréttismálum. Að hvetja til þess að stúdentar taki virkan þátt í umræðu um jafnréttismál og séu meðvitaðir um að þeir deili þeirri ábyrgð með starfsfólki að mismunun eigi sér ekki stað innan sviðsins.

### STARFSFÓLK

**Mat:** Í niðurstöðum könnunar frá 2012 á starfsumhverfi Háskóla Íslands kemur fram mikill munur á viðhorfum kvenna og karla þegar spurt er um álag og streitu í starfi. Þannig telja konur sig undir mun meira vinnuálagi en karlar og þær finna fyrir meiri streitu í starfi.

**Markmið:** Að vinna að aukinni vellíðan á meðal starfsfólks í þeim tilgangi að bæta árangur og auka gæði starfsins og leita leiða til að vinna gegn álagi og streitu í starfi.

**Aðgerðir:** Að lögð verði aukin áhersla á bætt starfsumhverfi og starfsmannamál. Að forseta fræðasviðsins eða deildarforseta sé gert kleift að taka starfsmannasamtöl við akademíska starfsmenn eigi sjaldnar en annað hvert ár. Að deildarforsetar taki starfsmannasamtöl við nýja akademíska starfsmenn að loknu fyrsta starfsmisseriesi.

### ERLENDIR NEMENDUR OG STARFSFÓLK

**Mat:** Erlendir starfsmenn og nemendur eru fjölmennir á Hugvísindasviði.

**Markmið:** Að erlendir nemendur og starfsmenn hafi jafnan aðgang að gæðum og gögnum háskólasamfélagsins. Að stuðla að því að rödd erlendra nemenda og starfsmanna fái að heyrast.

**Aðgerðir:** Að heimasíða Hugvísindasviðs verði uppfærð á ensku. Að tryggt verði að reglur og almenn stefnuskjöl verði gerð aðgengileg á ensku á háskólaárinu 2014-2015.



## KYNJUÐ FAGVITUND

- Mat:** Kenningar og fræðaheimur háskólasamfélagsins mótaðist af körlum og enn er langt í land með uppstökkun kynbundinna viðhorfa og viðmiða.
- Markmið:** Að hvetja til þess að kynjuð fagvitund og fjölbreytni séu höfð að leiðarljósi við uppfærslu á námsefni.
- Aðgerð:** Að jafnréttissjónarmið og kynjafræðileg umfjöllun verði fléttuð inn í námsefni og kennslu á sviðinu. Í fyrirlestrum og við leiðbeiningu verkefna skal vekja athygli á ritum og rannsóknum beggja kynja eftir því sem við á. Að leita eftir samstarfi við Kennslumiðstöð um námskeiðahald og vinnustofur.



## HUGVÍSINDASVIÐ – STÖÐUMAT

Þetta stöðumat er uppfærsla á stöðumati síðustu jafnréttisáætlunar og sýnir kynjaskiptingu innan ólíkra hópa á sviðinu. Mikilvægt er að á gildistíma þessarar jafnréttisáætlunar verði kallað eftir sambærilegum upplýsingum um aðrar breytur sem áætlunin á að ná til.

### HUGVÍSINDASVIÐ

Hugvísindasvið er eitt af fimm fræðasviðum Háskóla Íslands. Deildir sviðsins eru: Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda; Guðfræði og trúarbragðafræðideild; Íslensku- og menningardeild; og Sagnfræði- og heimspekideild.

### STJÓRN FRÆÐASVIÐSINS:

Í stjórn sviðsins sitja deildarforsetar auk forseta Hugvísindasviðs og fulltrúa stúdenta. Til 30. júní 2014 skipa stjórnina 3 karlar og 3 konur. Sviðsforseti og tveir deildarforsetar eru karlar. Tveir deildarforsetar og fulltrúi nemenda eru konur. Varadeildarforsetar eru allir fjórir karlar.

**Mat:** Það er brýnt að halda hlutföllum kynjanna í stjórnunarstörfum sem jöfnustum.

**Markmið:** Að sjá til þess að kynjahlutfall sé ávallt sem jafnast á meðal þeirra sem gegna stjórnunarstörfum á sviðinu.

**Aðgerð:** Að stuðla að því að ekki verði kosið um starf deildarforseta á sama tíma í öllum deildum svo að kjörtímabil deildarforseta skarist. Það fyrirkomulag auðveldar að fylgja því eftir að jöfn kynjasamsetning haldist í stjórn sviðsins.

### FASTANEFNDIR:

**Jafnréttisnefnd:** 2 karlar og 3 konur, auk fulltrúa stúdenta sem er kona.

**Kennslunefnd:** 3 karlar og 2 konur, auk fulltrúa stúdenta sem er kona.

**Stjórn Hugvísindastofnunar:** 6 karlar og 5 konur, auk fulltrúa stúdenta sem er kona.

**Mat:** Í nóvember 2013 er jöfn kynjaskipting í öllum fastanefndum Hugvísindasviðs.

**Markmið:** Að sjá til þess að hlutfall kynjanna í fastanefndum sviðsins haldist jafnt. Á það einnig við um aðrar nefndir sem eru starfandi í deildum sviðsins, s.s. valnefndir og rannsóknanámsnefndir.

**Aðgerð:** Forseti Hugvísindasviðs ber ábyrgð á að ætíð séu tilnefnd bæði karl og kona í nefndir og ráð á vegum Hugvísindasviðs og fastanefndir Háskólaráðs.



## STARFSMENN HUGVÍSINDASVIÐS í nóvember 2013:

### Fjöldi starfsmanna: 130

68 karlar – 52%

62 konur – 48%

### Stofnanir: 9

7 konur – 78%

2 karlar – 22 %

### Stjórnsýsla: 12

6 karlar – 50%

6 konur – 50%

#### *Starfsheiti:*

Forseti fræðasviðsins	karl
Rekstrarstjóri	karl
Kennslustjóri og verkefnastjóri Guðfræði- og trúarbr. fr. deildar	kona
Verkefnastjóri Íslensku- og menningardeildar	karl
Verkefnastjóri Sagnfræði- og heimspekideildar	kona
Verkefnastjóri Deildar erlendra tungumála	karl
Verkefnastjóri alþjóðamála	kona
Kynningar- og vefstjóri	karl
Rannsóknastjóri	karl
Verkefnastjóri Hugvísindastofnunar	kona
Verkefnastjóri móttöku	kona
Verkefnastjóri brautskráningar	kona

**Mat:** Mikilvægur árangur hefur náðst frá síðustu áætlun en kynjahlutföll í stjórnsýslu eru nú jöfn.

**Markmið:** Að viðhalda sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í stjórnsýslu sviðsins.

**Aðgerð:** Þegar losnar starf í stjórnsýslu á sviðinu skal í auglýsingu tekið fram að jafnréttisjónarmiða verði gætt við ráðningu.

### Akademískir starfsmenn:

Tölurnar hér fyrir neðan miða við fjölda starfsmanna en endurspeгла ekki starfshlutfall.

109 starfsmenn (að meðtöldum erlendum sendikennurum).

60 karlar – 55%

49 konur – 45%

**Deild erlendra tungumála:**

Við deildina starfa 37 fastráðnir kennarar.  
15 karlar – 40%  
22 konur – 60%

**Guðfræði- og trúarbragðafræðideild:**

Við deildina starfa 8 fastráðnir kennarar.  
6 karlar – 75%  
2 konur – 25%

**Íslensku- og menningardeild:**

Við deildina starfa 39 fastráðnir kennarar.  
20 karlar – 51%  
19 konur – 49%

**Sagnfræði- og heimspekideild:**

Við deildina starfa 25 fastráðnir kennarar.  
19 karlar – 76%  
6 konur – 24%

**Mat:** Talsverður munur er á kynjasamsetningu akademískra starfsmanna í tveimur af fjórum deildum sviðsins.

**Markmið:** Að vinna að því að jafna hlutfall kynjanna á meðal akademískra starfsmanna innan deilda.

**Aðgerð:** Þegar ný störf eru auglýst skal tekið fram að jafnréttissjónarmiða verði gætt við ráðningar.



## NEMENDUR Á HUGVÍSINDASVIÐI – HAUSTMISSERI 2013:

Heildarfjöldi nemenda í deildum Hugvísindasviðs á haustmisseri 2013.

### Allir nemendur

Námsleið, svið	Námsleið, deild	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %
Hugvísindasvið	Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	234	627	861	27%	73%
Hugvísindasvið	Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	40	66	106	38%	62%
Hugvísindasvið	Íslensku- og menningardeild	269	747	1016	26%	74%
Hugvísindasvið	Sagnfræði- og heimspekideild	270	225	495	55%	45%
Einstaklingar samtals		809	1659	2468	33%	67%

### Framhaldsnemendur

Námsleið, svið	Námsleið, deild	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %
Hugvísindasvið	Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	18	58	76	24%	76%
Hugvísindasvið	Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	15	22	37	41%	59%
Hugvísindasvið	Íslensku- og menningardeild	82	217	299	27%	73%
Hugvísindasvið	Sagnfræði- og heimspekideild	61	95	156	39%	61%
Einstaklingar samtals		176	391	567	31%	69%

### Grunnemendur

Námsleið, svið	Námsleið, deild	KK	KVK	Alls	KK %	KVK %
Hugvísindasvið	Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda	216	569	785	28%	72%
Hugvísindasvið	Guðfræði- og trúarbragðafræðideild	25	44	69	36%	64%
Hugvísindasvið	Íslensku- og menningardeild	187	530	717	26%	74%
Hugvísindasvið	Sagnfræði- og heimspekideild	209	130	339	62%	38%
Einstaklingar samtals		633	1268	1901	33%	67%

### Háskóli Íslands - heild

Einstaklingar samtals		4847	9383	14230	34%	66%
-----------------------	--	------	------	-------	-----	-----

**Mat:** Konur eru í miklum meirihluta nemenda á sviðinu eða 67% sem er töluvert hærra en hlutfall kvenna í kennarahópnum en þar eru konur 48% en karlar 52%. Hlutfall kvenna hefur aukist um 1% frá haustmisseri 2009.

**Markmið:** Að námsframboð og námsefni höfði jafnt til kvenna og karla.

**Aðgerð:** Að vinna að því að námsframboð og námsefni höfði til beggja kynja. Að standa reglubundið fyrir kynningarátaki í framhaldsskólum með það að leiðarljósi að vinna gegn kynbundnu námsvali.

## LAUN OG STIGAMAT:

Þessar upplýsingar á eftir að uppfæra og verður það gert við fyrsta tækifæri.